

AFKOMA ÁRSINS 2016

HELSTU ATRÍÐI Í AFKOMU 2016:

- Hagnaður eftir skatta var 20,2 ma. kr., samanborið við 20,6 ma. kr. 2015. Hagnaður ársins 2016 einkennist af sterkum grunntekjum og lokum sölu eignarhluta Borgunar í Visa Europe, samanborið við háa jákvæða virðisbreytingu útlána árið 2015.
- Arðsemi eigin fjár var 10,2% samanborið við 10,8% árið 2015
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 15,1 ma. kr., samanborið við 16,2 ma. kr. 2015. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 var 10,7% samanborið við 12,4% 2015.
- Hreinar vaxtatekjur voru 31,8 ma. kr. (2015: 28,0 ma. kr.) sem er 14% hækkun. Vaxtamunur hækkaði og var 3,1% (2015: 2,9%), að hluta vegna hærri vaxtaumhverfis og hækkanandi eigin fjár.
- Hreinar þóknatekjur voru 13,7 ma. kr. 2016 samanborið við 13,2 ma. 2015.
- 1,7 ma. kr. voru bókaðar sem einskiptiskostnaður vegna skemmda á húsnæði bankans á Kirkjusandi og flutninga í nýjar höfuðstöðvar.
- Kostnaðarlutfall var 56,9% (2015: 56,2%). Bankaskattur og einskiptiskostnaður er undanskilinn við útreikning kostnaðarlutfalls. Langtímamarkmið bankans er 55%.
- Heildareignir voru 1.048 ma. kr. (sept 16: 1.068 ma. kr.). Útlán til viðskiptavina og lausafé nema 93% af heildareignum bankans.
- Útlán til viðskiptavina jukust í 688 ma. kr. á árinu sem er 3,3% aukning. Ný útlán voru 163 ma. kr. sem dreifast á mismunandi viðskiptaeiningar bankans, en styrking krónunnar hafði dempanði áhrif á útlánaaukningu.
- Hlutfall útlána með sértæka virðisrýrnun eða í meira en 90 daga vanskilum var 1,8% (des 15: 2,2%)
- Innlán frá viðskiptavinum við lok árs voru sambærileg við 2015. Væntingar um útlæði vegna losunar gjaldeyrishafta hafa ekki ræst.
- Eiginfjárlutfallið var 25,2% og eiginfjárbáttur 1 (CET1) var 24,9%. Víkjandi lán að fjárhæð EUR 138m var fyrirframgreitt í september.
- Lausafjárstaða bankans er sterk og er umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Í desember 2016 var lausafjárlutfallið (LCR) 187% (sept 16: 195%) og fjármögnunarhlutfallið (NSFR) var 123% (sept 16: 126%).
- Vogunarlutfall (e. leverage ratio) var 16,0% við lok tímabilsins samanborið við 18,1% í lok árs 2015 sem telst afar hóflegt.
- Bankinn gaf út þrjú skuldabréf í erlendri mynt á árinu og er bankinn nú að fullu fjármagnaður á markaði. Fyrsta útgáfan var í janúar, USD 35m, næsta í maí, EUR 75m og sú þriðja í ágúst, EUR 500m (65 ma. kr.) til fjögurra ára á 1,75% föstum vöxtum, sem jafngilti 200 punkta álagi yfir millibankavexti í evrum (um +97 punktar í dag).
- Í október 2016 hækkaði S&P lánsþéttmat bankans í BBB/A-2 með jákvæðum horfum og í janúar 2017 hækkaði Fitch mat sitt í BBB/F3 með stöðugum horfum. Íslandsbanki er eini bankinn á Íslandi með tvö lánsþéttmat.

HELSTU ATRÍÐI Á 4F16:

- Hagnaður eftir skatta var 4,6 ma. kr. á fjórðungnum (4F15: 3,9 ma. kr.).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárbátt 1 var 11,7% á fjórðungnum (4F15: 12,8%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 8,1 ma. kr. (4F15: 7,0 ma. kr.).
- Hreinar þóknatekjur voru 3,8 ma. kr. (4F15: 3,2 ma. kr.).

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:


Árið 2016 var mjög gott ár fyrir Íslandsbanka og einkennist af mikilvægum áföngum í sögu bankans. Grunnrekstur bankans hélt áfram að styrkjast og tekjur voru stöðugar. Endurskipulagningu lánasafnsins er lokið, eignarhlutir í óskyldum rekstri hafa verið seldir og gæði eigna halda áfram að aukast.

Bankinn lét mikið að sér kveða á fjármagnsmörkuðum hér heima og erlendis. Helst ber að nefna útgáfu á 500 milljón evra skuldabréfi og hefur ávöxtunarkrafa bréfanna lækkað töluvert á eftirmarkaði. Í desember greiddi bankinn út sérstaka arðgreiðslu að upphæð 27 ma. kr., en heildararðgreiðslur til Íslenska ríkisins á árinu 2016 voru 37 ma. kr. Með arðgreiðslunni var stigið fyrsta skrefið í átt að að hagstæðari samsetningu á eiginfjárunni bankans og undirbúningi að breyttu eignarhaldi.


Í takt við árangur við afnám gjaldeyrishafta og minnkandi skuldsetningu voru lánsþéttmatseinkunnir ríkissjóðs Íslands allar hækkaðar á árinu og eru nú A-3 / A- / BBB+. Lánsþéttmat Íslandsbanka fékk einnig hækkun í BBB frá bæði Standard & Poor's og Fitch Ratings, en Íslandsbanki er eini bankinn á Íslandi með tvö alþjóðleg lánsþéttmat.

Hápunktur ársins var síðan flutningur okkar í nýjar höfuðstöðvar þar sem svokölluð verkefamiðuð vinnuaðstaða er höfð í fyrirrími. Verkefamiðuð vinnuað staða veitir okkur sveigjanleika í skipulagi og eykur samvinnu sem aftur styður við þá stefnu okkar að vera #1 í þjónustu. Fjórða árið í röð eru viðskiptavinir Íslandsbanka ánægðustu viðskiptavinirnir samkvæmt niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar. Átta ár í röð höfum við verið kosinn faglegasti bankinn og sá banki sem veitir fyrirtækjum bestu bankaþjónustuna.


HAGNAÐUR EFTIR SKATTA
m.kr.



ARÐSEMI AF REGLULEGRI STARFSEMI
Miðað við 15% eiginfjárbátt 1 (CET1)



VAXTAMUNUR
%



REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrarreikningur (m.kr.)	2016	2015	Δ	4F16	4F15	Δ
Hreinar vaxtatekjur	31.802	28.010	3.792	8.149	7.003	1.145
Hreinar þóknatekjur	13.723	13.170	554	3.831	3.235	597
Hreinar fjármunatekjur	6.096	3.881	2.215	37	1.455	(1.418)
Hreinn gengismunur	443	(1.490)	1.933	77	(137)	214
Aðrar rekstrartekjur	652	1.102	(450)	(17)	403	(420)
Rekstrartekjur samtals	52.716	44.673	8.043	12.077	11.959	118
Stjórnunarkostnaður	(27.121)	(23.760)	(3.360)	(7.392)	(6.518)	(874)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(1.063)	(1.067)	4	(252)	(270)	18
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(2.843)	(2.878)	35	(691)	(818)	127
Rekstrargjöld samtals	(31.027)	(27.705)	(3.322)	(8.335)	(7.606)	(729)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána	21.688	16.968	4.720	3.742	4.353	(610)
Hrein virðisbreyting útlána	735	8.135	(7.400)	484	409	75
Hagnaður fyrir skatta	22.423	25.103	(2.681)	4.227	4.761	(534)
Tekjuskattur	(5.205)	(5.851)	646	(1.353)	(1.147)	(205)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	17.218	19.253	(2.035)	2.874	3.615	(741)
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	2.939	1.326	1.613	1.730	274	1.456
Hagnaður tímabilsins	20.158	20.578	(420)	4.603	3.889	714

Grunnrekstur heldur áfram að styrkjast

Heildartekjur voru 52,7 ma. kr. árið 2016 sem er aukning um 18% frá 2015. Hreinar vaxtatekjur voru 31,8 ma. kr. sem er aukning um 14% frá fyrra ári. Vaxtamunur var 3,1% samanborið við 2,9% árið 2015. Hækkunina má rekja til hagstæðari vaxtaumhverfis og hærri lausafjár- og eiginfjárstöðu og 1,1 ma. kr. tekjufærslu áður varúðarfærðra vaxta á útlánum. Þess er vænst að vaxtamunur verði um 3,0% til skamms og meðallangs tíma.

Hreinar þóknatekjur hækkðu um 4% milli ára og voru 13,7 ma. kr. á árinu 2016. Hækkunina má rekja að mestu rekja til meiri grósku í viðskiptabankastarfsemi.

Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknatekjur) voru 86% af heildar rekstrartekjum og jukust um 4,3 ma. kr. eða um 11% frá árinu 2015. Undanfarið hafa tekjur af grunnstarfsemi verið yfir 90% af tekjum bankans en minnka þetta árið vegna einskíptisliða. Bankinn leggur áherslu á tekjur af grunnstarfsemi með það að markmiði að skapa stöðugan rekstur til langs tíma.

Hreinar fjármunatekjur námu 6,1 ma. kr. árið 2016, samanborið við 3,9 ma. kr. árið 2015. Tekjurnar eru aðallega ágóði frá hlutabréfaeign og viðskiptum með skuldabréf og hlutabréf. Stærsti liðurinn sem hafði áhrif á hreinar fjármunatekjur var sala Borgunar, dótturfélags bankans, á hlut sínum í Visa Europe, á öðrum ársfjórðungi, sem leiddi til 6,2 ma. kr. hagnaðar. Gengishagnaður var 0,4 ma. kr. árið 2016 samanborið við gengistap upp á 1,5 ma. kr. árið 2015.

Aðrar rekstrartekjur, sem samanstanda af hagnaði af sölu fasteigna, leigutekjum, tekjum af þjónustusamningum og hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga, námu 0,7 ma. kr. árið 2016, samanborið við 1,1 ma. kr. árið 2015.

Kostnaðaraðhald

Stjórnunarkostnaður (að undanskildum óreglulegum kostnaði) jókst um 1,4 ma. kr. árið 2016 samanborið við árið 2015. Það má einkum rekja þessa hækkun til kjarasamningsbundinna launahækkana og sameiningu útibúa. Einskíptiskostnað, að fjárhæð 1,7 ma. kr., er vegna skemmda á fyrrum höfuðstöðvum bankans á Kirkjusandi. Laun og launatengd gjöld námu 14,8 ma. kr. árið 2016, sem er hækkun um 6% milli ára, sem er að mestu leyti tilkomin vegna kjarasamningshækkana. Til samanburðar hækkaði launavísitala Hagstofu Íslands um 11,4% árið 2016. Starfsemi bankans verður að fullu sameinuð í nýjum höfuðstöðvum í Norðurturninum í Kópavogi árið 2017. Í loks árs 2016 voru þrjú útibú sameinuð í eitt útibú sem er staðsett á jarðhæð Norðurturnsins. Þar að auki hafa útbúin á Kirkjusandi og Suðurlandsbraut sameinast í nýtt útibú, sem ber nafnið Laugardalur, og hefur útibúum bankans því fækkað úr 17 í 14 nú í byrjun árs. Ofangreindar breytingar leiddu af sér aukinn kostnað árið 2016, en þess er vænst að framtíðarhagræði vegi upp á móti þessum kostnaði.

Meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi í móðurfélagi var 955 í lok árs (958 í árslok 2015), og voru 1.161 starfsmenn hjá samstæðunni í árslok 2016 (1.222 í árslok 2015), fyrir utan aflagða starfsemi.


Kostnaðarhlutfall var 56,9% samanborið 56,2% árið 2015, sem er herra en 55% langtímamarkmið bankans. Bankaskattur og einskíptiskostnaður er undanskilinn við útreikning kostnaðarhlutfalls.

Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 2,9 ma. kr. árið 2016 samanborið við 1,3 ma. kr. árið 2015. Hagnaðinn má rekja til sölu dótturfélaga og tekna af aflagðri starfsemi. Bankinn hefur nú endurskipulagt eða selt alla eignarhluta í félögum í óskyldri starfsemi.


Virðisbreyting útlána

Hrein virðisbreyting útlána skilaði 0,7 ma. kr. hagnaði árið 2016, samanborið við 8,1 ma. kr. hagnað árið 2015. Þar sem efnahagsreikningur bankans hefur verið að fullu endurskipulagður, þá er ekki gert ráð fyrir áframhaldandi jákvæðum áhrifum á komandi árum. Hagnaður ársins af hreinni virðisbreytingu útlána samanstendur af 1,5 ma. kr. jákvæðu endurmati á framtíðarsjóðstreymi frá útlánum og svo 0,8 ma. kr. gjaldfærslu vegna almennrar og sérstækrar virðisrýrnunar útlána.


HREINAR VAXTATEKJUR m.kr.



HREINAR ÞÓKNANATEKJUR m.kr.



STJÓRNUNARKOSTNAÐUR m.kr.



Skattar og gjöld hafa áfram áhrif á hagnað

Tekjuskattur ársins var 5,2 ma. kr. samanborið við 5,9 ma. kr. árið 2015. Virkur tekjuskattur var 23,2% samanborið við 23,3% árið 2015. Bankaskatturinn var 2,8 ma. kr. árið 2016 samanborið við 2,9 ma. kr. árið 2015. Bankaskatturinn jókst verulega árið 2013, sem tímabundin ráðstöfun til að fjármagna leiðréttingu íslenska ríkisins á húsnæðislánum, en núna er óvíst hvernig skatthlutf allíð mun þróast á næstu árum.

Bankinn greiðir sérstakan 6% fjárskýrsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Fjármálaeftirlitsins og til umboðsmanns skuldara. Heildarskattar og gjöld námu 10,2 ma. kr. árið 2016 samanborið við 10,8 ma. kr. árið 2015.

Framlagið í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, að fjárhæð 1,1 ma. kr., var svipað og árið áður.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir – stöðugur vöxtur útlána til viðskiptavina þrátt fyrir harðnandi samkeppni

Efnahagsreikningur bankans óx lítillega eða um 0,2% milli ára og var 1.048 ma. kr. í árslok 2016.

Lausafjárstaðan hélt áfram sterk árið 2016 og lausafjárhlutföll nutu góðs af minni samþjöppun í innlánum viðskiptavina.

Útlán til viðskiptavina jukust um 3,3% eða 22,1 ma. kr., sem er undir áætluðum vexti í landsframleiðslu ársins 2016. Eftirspurn eftir nýjum útlánnum var bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum og jukust húsnæðislán um 14 ma. kr. á milli ára. Ný útlán námu 163 ma. kr. samanborið við 152 ma. kr. á fyrra ári sem samsvarar 7% hækkun.

Gæði útlána halda áfram að aukast, eins og sjá má á lækkanði hlutfalli erfiðleikalána. Útlán með sértæka virðisryrnun eða í meira en 90 daga vanskilum voru 1,8% í árslok 2016, sem er lækkun úr 2,2% frá árslokum 2015. Nánari umfjöllun um lánasafnið og útlánaáhættu er finna í Áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2016 (Pillar 3 Report).

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir (m.kr.)	31.12.2016	31.12.2015	Δ
Handbært fé og innstæður hjá Sí	275.453	216.760	58.693
Skuldabréf og skuldagerningar	31.256	78.606	-47.350
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	10.626	18.320	-7.694
Afleiðusamningar	1.953	1.981	-28
Útlán til lánastofnana	17.645	35.534	-17.889
Útlán til viðskiptavina	687.840	665.711	22.129
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	450	716	-266
Rekstrarfjármunir	6.211	7.344	-1.133
Óefnislegar eignir	2.672	1.331	1.340
Aðrar eignir	7.064	6.674	390
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	6.384	12.792	-6.408
Eignir	1.047.554	1.045.769	1.785

Fasteignir eru áfram stærsti hluti trygginga bankans. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðislánasafns bankans var 67% í árslok 2016, samanborið við 69% í árslok 2015.

Veðsetningarhlutfall bankans var 15,4% í árslok 2016 samanborið við 10,9% árið 2015. Aukningin á milli ára er vegna kvaðabundinna eigna hjá Seðlabanka Íslands sem standa á móti innlánum sem erlendir fjárfestar eiga í bankanum og eru bundnar undir fjármagnshöftum.

Skuldir – innlán enn stærsti fjármögnunarliðurinn

Heildarskuldir voru 868,6 ma. kr. sem er aukning um 3,0% milli ára.

Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu yfir árið og eru lausafjárhlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Í árslok 2016 var lausafjárhlutfall (LCR) bankans 161% fyrir móðurfélagið og 187% fyrir samstæðuna. Hlutfall stöðugar fjármögnunar (NFSR) í erlendum gjaldmiðlum var 144% fyrir móðurfélagið og samstæðuna. Heildar NFSR hlutfallið var 123% fyrir bæði móðurfélagið og

Heildarinnlán drógust saman um 3,2% á milli ára, eða í 599,1 ma. kr. Innlán eru ennþá stærsti fjármögnunarliður banks og fylgst er vel með samþjöppunaráhættu. Þessi lækkun er aðallega vegna færslu fjármuna í tengslum við slitameðferðir fjármálastofnana. Af því leiðir að hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum til viðskiptavina lækkaði í 86,4% í árslok 2016, samanborið við 89,1% í árslok 2015. Þess er vænst að hlutfallið verði áfram hátt en muni lækka jafnt og þétt á næstu árum í kjölfar frekari afléttingar fjármagnshatta.

Markvisst hefur verið unnið að því að bjóða viðskiptavinum að færa sig frá óbundnum innlánsreikningum yfir í reikninga sem eru bundnir í 31 dag eða lengur. Ýmsir bundnir reikningar eru í boði fyrir viðskiptavinum sem hefur leitt til þess að hlutfall bundinna innlána hefur hækkað úr 27% af heildarinnlánunum, að undanskildum fjármálastofnunum í slitameðferð, í árslok 2015 upp í 36% í árslok 2016. Þetta áttak bankans er hluti af heildaráætlun um virka lausafjárstýringu með það að markmiði að minnka lausafjáráhættu bankans.

Skuldir og eigið fé (m.kr.)	31.12.2016	31.12.2015	Δ
Innlán Sí og lánastofnana	4.922	25.631	-20.709
Innlán viðskiptavina	594.187	593.245	942
Afleiðusamningar og skortstöður	4.798	6.981	-2.183
Lántaka	212.468	150.308	62.160
Víkjandi lán	0	19.517	-19.517
Skattskuldir	8.473	8.358	116
Aðrar skuldir	43.456	36.677	6.780
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	325	2.825	-2.501
Eigið fé	178.925	202.227	-23.301
Skuldir og eigið fé	1.047.554	1.045.769	1.785

Útgáfa skuldabréfa bankans jókst yfir árið 2016, einkum útgáfa bréfa í erlendri mynt og sértryggðra skuldabréfa á innlendum markaði. Útgáfunni er ætlað að draga úr áhættu með því að auka fjölbreytni fjármögnunar og lengja í endurgreiðsluferli skulda. Bankinn gaf út 20,0 ma. kr. af sértryggðum skuldabréfum á árinu. Bankinn gaf einnig út víxla (til 1-12 mánaða) í reglulegum útboðum á árinu og voru útistandandi víxlar um 6 ma. kr. í árslok 2016.

Í janúar gaf bankinn út USD 35m til eins árs. Útgáfan ber fljótandi vexti USD LIBOR + 170bp. Í maí stækkaði bankinn EUR 225m útgáfuna með því að gefa út EUR 75m sem er á gjalddaga í júlí 2018. Með þessari stækkun er útgáfan orðin EUR 300m og vísitölhæf. Bréfið var gefið út með 247 punkta álagi yfir millibankavöxtum eftir fundaröð með fjárfestum á meginlandi Evrópu. Í ágúst varð ljóst að markaðsaðstæður voru mjög ákjósanlegar til frekari útgáfu á skuldabréfum í evrum. Að loknum fundum með fjárfestum á meginlandi Evrópu gaf bankinn út EUR 500m skuldabréf með 1,75% vöxtum á gjalddaga í september 2020. Bréfið var gefið út með vaxtaálagi upp á 200 punkta yfir millibankavöxtum og var þreföld eftirspurn eftir bréfum í útgáfunni. Hluti andvirðis útgáfunnar var notað til að greiða fyrirfram útistandandi skuldir þar með talið víkjandi skuldabréf að upphæð 138 milljónir evra til fyrrverandi eiganda bankans.

Í ljósi sterkar lausafjárstöðu, í íslenskum krónum sem og erlendum myntum, góðs árangurs í erlendri lánsfjármögnun sem og lækkandi álags á útgefnum skuldabréfum í erlendum myntum mun bankinn, á árinu 2017, kanna möguleika á að kaupa útistandandi skuldabréf til baka og/eða framkvæma skipti á útistandandi skuldabréfum fyrir skuldabréf með lengri líftíma.

Eigið fé


Heildar eigið fé bankans nam 178,9 ma. kr. í árslok 2016 samanborið við 202,2 ma. kr. í árslok 2015. Þar af er hlutdeild minnihluta 4,2 ma. kr. nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. í árslok 2016 og greitt hlutafé var 65 ma. kr.

Árið 2016 voru 10 ma. kr. greiddir í arð, byggt á afkomu ársins 2015, ásamt sérstakri arðgreiðslu að fjárhæð 27 ma. kr. sem var greidd út í desember og var fyrsta skref í að eðlilegri fjármagnsskipan á skuldahlíð efnahagsreikningsins. Stjórn bankans leggur til arðgreiðslu að fjárhæð 10 ma. kr. af hagnaði ársins 2016 verði greidd út árið 2017, sem er um 50% arðgreiðsluhlutfall og í samræmi við langtíamarkmið bankans um arðgreiðslur.


Við árslok 2016 var eiginfjárlutfall bankans 25,2% samanborið við 30,1% í árslok 2015, sem er vel umfram markmið bankans um 23% til skamms tíma. Eiginfjárlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 24,9% í árslok 2016 samanborið við 28,3% í árslok 2015. Fjármálaeftirlitið (FME) setur kröfur um lágmarkseiginfjárlutfall upp á 19,2%. Bankinn er í fyrsta sinn að kynna til sögunnar nýtt langtíma eiginfjármarkmið. Þetta markmið byggir á innra matsferli fyrir eiginfjárbörf (ICAAP) og könnunar- og matsferli (SREP). Það gerir ráð fyrir að bankinn viðhaldi kröfu um eigin fé sem er 0,5-1,5% hærra heldur en SREP gerir ráð fyrir til að tryggja það að skammtímaflökt valdi því ekki að hlutfallið farið niður fyrir kröfur regluverksins. Eiginfjármarkmiðið styður við stefnu bankans og gerir ráð fyrir breytingum eða óvissu í rekstarumhverfinu. Eiginfjármarkmiðið getur breyst með tímanum og endurspeglar breytingar í áhættustýringu, stefnu bankans og ytra umhverfi. Þetta þýðir að langtíma eiginfjárlutfall bankans sé í kringum 20% og lágmarkseiginfjárlutfall almenns þáttar 1 (CET1) sé hærra en 15%, samkvæmt niðurstöðum SREP á síðasta ári.

Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnar eignir sem námu 704,2 ma. kr. í árslok 2016, eða 67% af heildareignum, sem er lítilleg aukning á milli ára. Vogunarlutfall í árslok 2016 var 16,0% samanborið við 18,1% í árslok 2015, sem sýnir hóflega girun. Lækkunin á milli ára er aðallega vegna sérstakrar arðgreiðslu sem var greidd í desember.


VOGUNARHLUTFALL



EIGINFJÁRHUTFÖLL



ÁHÆTTUVEGNAR EIGNIR/HEILDAREIGNIR



Jöfnuðir

Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Við árslok 2016 var munurinn á samstæðugrunni 60,9 ma. kr. (34,3% af eigin fé), samanborið við 46,8 ma. kr. árið 2015 (26,4% af eigin fé). Jöfnuðinum er stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og verðtryggðum innlánsreikningum.

Gjaldeyrisjöfnuðurinn er -0,4 ma. kr. (0,2% af eigin fé) í lok desember 2016, samanborið við 4,3 ma. kr. (2,0% af eigin fé) árið 2015. Mismunurinn skýrist af gangvirðisbreytingum á hlut í Borgun (eignir 5,4 ma. kr.) sem var innleystur í júní 2016. Fylgst er vel með jöfnuðum bankans og eru þeir innan viðmiða laga.

Lánshæfismat

Íslandsbanki er eini íslenski bankinn með lánshæfismat frá tveimur alþjóðlegum matsfyrirtækjum, Fitch Ratings og Standard & Poor's (S&P).

Í október hækkaði S&P lánshæfismat bankans í BBB/A-2, aftur með stöðugum horfum. Hækkunin endurspeglar bættar horfur í íslensku bankaumhverfi, þar sem skuldastaða heimilanna hefur batnað og aðgangur að erlendu lánsfé hefur batnað. Áframhaldandi stöðugar horfur endurspeglja jákvæðan gang mála í íslensku efnahagslífi ásamt því að eiginfjárlutföll bankans munu haldast sterk meðan bankinn undirbyr möguleg eigendaskipti.

Í janúar 2017 hækkaði Fitch Ratings lánshæfismat bankans í BBB/F3 með stöðugum horfum og byggir matið á batnandi rekstarumhverfi á Íslandi, áframhaldandi hagvexti og bættir ytri stöðu þjóðarbúsins. Íslandsbanki fékk langtíamatið BBB-/F3 frá Fitch Ratings í apríl 2015, og varð bankinn þar með fyrsti íslenski bankinn til að komast í fjárfestingarflokk síðan 2008. Í apríl 2016 staðfesti Fitch Ratings lánshæfismat bankans BBB-/F3 með stöðugum horfum.

FJÁRFESTATENGLS

Afkomufundur á íslensku

Í dag kl. 12.30, munu Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri, kynna afkomu banka ns á opnum fjárfestafundi og svara fyrirspurnum. Fundurinn fer fram á íslensku og er haldinn í Norðurturni, útibúi bankans að Haga smára 3. Boðið verður upp á veitingar. Skrá mig á fjárfestafund: <https://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/afkomufundur/>.

Símafundur á ensku

Einnig er markaðsaðilum boðið upp á símafund kl. 14.00 á ensku. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og afkomu bankans. Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með að senda póst á ir@islandsbanki.is. Fundargögn og aðgangsorð vegna símafundar verða send út til skráðra aðila 2 tímum fyrir fundinn.

Öll gögn má nálgast á vef fjárfestatengsla www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs fyrir árið 2016-17 á neðangreindum dagsetningum, en þær eru birtar með fyrirvara um breytingar:

- Aðalfundur - 23. mars 2017
- 1F2017 - 11. maí 2017
- 2F2017 - 17. ágúst 2017
- 3F2017 - 9. nóvember 2017

Upplýsingar um fjárhagsdagatal bankans og þögnul tímabil má finna á vef fjárfestatengsla <http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/fjarhagsdagatal/>